

Porvaldur Gylfason

Félagsauður, efnahags- þrengingar og Ísland¹

Þýðing Hjörtur Hjartarson

Inngangur

Gróska í efnahagslífi er knúin áfram af ýmsum samverkandi þáttum. Þar á meðal er félagsauður í ýmsum myndum. Með því hugtaki er átt við ýmsa þá þræði sem halda þjóðfélögum okkar saman og gera þau starfhæf. Samheldnin stuðlar að því að hagkerfin og fjármálakerfin geti gengið snurðulaust og drepa ekki á sér. Þessi þjóðfélagslega samheldni er ofin úr mörgum ólíkum þáttum. Jöfn tækifæri eru grundvallaratriði, með tilheyrandi jöfnuði í tekju- og eignaskiptingu. Sagan bendir til að glórulaus ójöfnuður grafi undan samfélagslegum friði og auðsæld. Annar grundvallarþáttur er traust, einkum traust sem almennir borgarar bera til pólitískra og samfélagslegra stofnana, en einnig það traust sem borgararnir bera hver til annars: traust milli manna. Þriðji þátturinn er heiðarleiki og ábyrgð í opinberu lífi. Það er að segja að víðtæk spilling – misnotkun á trausti almennings í þágu sérhagsmuna, hvort sem er í viðskiptum eða stjórnámálum – sé ekki til staðar. Fjórdi þátturinn er góð stjórnýsla sem felst t.d. í að ráðið sé í opinber embætti eftir verðleikum.

Í bók sinni *The Great Crash 1929* (1988, 177–178) nefnir John Kenneth Galbraith fimm meginástæður fyrir því að bandaríska hagkerfið var í grundvallaratriðum óheilbriggt 1929. Fyrst tiltekur hann „ójafna tekjuskiptingu“. Hann bendir á að árið 1929 hafi hlutfall tekna einstaklinga af vaxtagreiðslum, arðgreiðslum og leigu – þ.e.a.s. í stórum dráttum tekjur hinna betur settu – verið tvöfalt meiri en á árunum upp úr síðari heimsstyrjöld. Galbraith heldur síðan áfram og ræðir aukinn ójöfnuð með tilliti til „lélegs skipulags viðskiptalífsins“ og „lélegs skipulags fjármálakerfisins“ á veltiárunum upp úr 1920. „Amerískt viðskiptalíf hafði á 3. áratugnum opnað faðm sinn fyrir óvenjulega stórum hópi prangara, verðbréfagutta, blekkingameistara, svikahrappa og svindlara. Í langri athafnasögu slíkra manna var þetta e.k. hápunktur gripdeilda í viðskiptalífinu.“ Saga Galbraiths um Hrunið mikla 1929 rímar auðsæilega við æ útbreiddari skoðun á þeim atburðum sem urðu

í Bandaríkjunum 2007–2008 og birtust í falli *Lehman Brothers*. Fjölmargar aðvaranir fræðimanna og annarra (sjá t.d. Akerlof and Romer, 1993; Black, 1995; Stiglitz, 2010, 5. kafli; Ferguson, 2012) fyrir og eftir fallið enduróma orð Galbraiths.

James K. Galbraith var ómyrkur í máli í skriflegum vitnisburði sínum fyrir réttarfarsnefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings árið 2010 sem hann lauk með þessum orðum: „[...] tilveru landsins er ógnað. Annaðhvort vinnur réttarkerfið sitt verk eða markaðskerfið verður ekki endurreist. Vandleg, gagnsæ, skilvirk og róttæk hreinsun þarf að fara fram í fjármálakerfinu, og einnig meðal þeirra opinberu embættismanna sem brugðust trausti almennings. Fólk í fjármálakerfinu verður að fá að finna fyrir mætti laganna á eigin skinni. Og almenningur sem býr við lög verður að sjá klárt og skýrt að sú sé raunin.“

Í þessari ritgerð verður hugað að samspilinu á milli áfalla í fjármálakerfum og félagsauðs, en sé hann látinn drabbast niður getur það grafið undan vexti og viðgangi efnahagslífsins og hugsanlega stuðlað að auknum þrengingum. Gerður verður tölulegur samanburður á reynslu Bandaríkjanna á 3. og 10. áratug 20. aldar, fram til ársins 2008 annars vegar, og svo aftur reynslu Svíþjóðar og Íslands. Vinnutilgátan er að rýrnandi félagsauður geti verið bæði undanfari og afleiðing lítils eða skrykkjótts hagvaxtar og fjármálakreppu.


Frá misskiptingu til kreppu

Samkvæmt Galbraith (1988) báru veltiárin á 3. áratug síðustu aldar í sér vísa að Hruninu mikla 1929. Margir sjá nú þegar þeir líta til baka svipaða þróun í Bandaríkjunum frá 9. áratugnum og áfram þegar Bandaríkjaþing aflétti regluverki í fjármálageiranum, eins og það hefði gleymt öllum lærdómum af heimskreppunni, t.d. árið 1999 þegar þingið afnam lögina frá 1934, kennd við þingmennina Glass og Steagall, og reif þannig niður skilrímið á milli starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka og leyfði bankamönnum að fara sínu fram að vild (Þorvaldur Gylfason *et al.*, 2010, 4. kafli). Þó nokkur þeirra stórskaðlegu óheillaskrefa frá 1920 sem Galbraith lýsti voru stigin aftur 80 árum síðar.

Við lítum fyrst á tekjuskiptinguna.


Í skýrslu The Economic Policy Institute (2011) segir að laun bandarískra framkvæmdastjóra, í hlutfalli við almenn laun, hafi vaxið frá því að vera 30-föld árið 1960 upp í 270-föld árið 2008. Í hinu áhrifamikla verki sínu, *Capital in the Twenty-first Century* (2014), birtir Thomas Piketty gögn sem sýna sláandi samsvörun milli árána 1920 og 1990 í Bandaríkjunum og fleiri löndum, hvernig hlutur þeirra 10% sem hæstar höfðu tekjur hafði vaxið í heildartekjum bandaríkjamanna frá 40% í 50% milli árána 1920 til 1929 og aftur milli árána 1990 og 2008. Samsvarandi tölur frá Norðurlöndum í dag eru 20% og 25% í öðrum löndum Evrópu. Myndir 1 og 2 sýna tölur fyrir

Mynd 1. Bandaríkin og Svíþjóð: Hlutdeild tekjuhæsta 1% í heildartekjum (%)



Heimild: Piketty (2014). Aths.: Ljósar súlur eiga við 1920 og 1990, dökkar eiga við 1929 og 2008.

Mynd 2. Bandaríkin og Svíþjóð: Hlutdeild tekjuhæsta 0,1% í heildartekjum (%)




Heimild: Piketty (2014). Aths.: Ljósar súlur eiga við 1920 og 1990, dökkar eiga við 1929 og 2008.

1% og 0,1% tekjuhæstra í Bandaríkjunum og Svíþjóð. Í Bandaríkjunum var greinilegur ójöfnuður í tekjuskiptingu undanfari bæði hrunsins 1929 og fjármálakreppunnar 2008.


Kreppan mikla á 4. áratug síðustu aldar varð mildari í Svíþjóð en annars staðar, líklega að hluta til vegna úthugsaðrar efnahagsstefnu sem fól í sér samræmdar gagnráðstafanir í efnahagsmálum undir áhrifum Stokkhólmskólans, nokkuð löngu áður en rit Keynes, *Almennan kenningin um atvinnu, vexti og peninga*, kom út 1936. Ennfremur breyttist tekjuskiptingin ekki umtalsvert í Svíþjóð á 3. áratugnum. Milli árunna 1990 og 2008 jókst aftur

Mynd 3. Ísland: Ójöfnuður í skiptingu ráðstöfunartekna 1993–2009 (Gini-stuðull)

Ráðstöfunartekjur með fjármagnstekjum



Ráðstöfunartekjur án fjármagnstekna



Heimild: Ríkisskattstjóri, <http://www.rsk.is/>, og Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is

Aths.: Gini-stuðullinn 0 vitnar um algeran jöfnuð. Gini-stuðullinn 1 vitnar um algeran ójöfnuð.

á móti ójöfnuður í tekjuskiptingu í Svíþjóð eins og annars staðar. Samt sem áður, eftir að hafa dregið lærdóm af fjármálakreppunni sem reið yfir landið líkt og nágrannalöndin, Finnland og Noreg, á árunum 1989 til 1994, þá komst Svíþjóð nokkuð vel frá kreppunni 2008. Grisjun á regluverki, án skilvirks fjármálaeftirlits og án merkjanlegrar aukningar í ójöfnuði, var undanfari fjármálakreppunnar á Norðurlöndum 1989–1994 (Jonung *et al.*, 2009).

Áhugavert er að bera þróun tekjuskiptingar á Íslandi saman við Bandaríkin og Svíþjóð. Gini-stuðullinn fyrir heildarráðstöfunartekjur óx á Íslandi frá 1990 um eitt stig á ári fram að hrúninu 2008. Það er þróun sem á sér engar hliðstæður (Mynd 3, vinstri hlið). Ennfremur jukust tekjur tekjuhæsta 1% á Íslandi frá því að vera tæplega 4% af heildartekjum árið 1995 í yfir 20% árið fyrir hrún, 2007. Sem sagt, fimmföld aukning á tólf árum (Mynd 4, hægri hlið). Í Bandaríkjunum, til samanburðar, þá jókst hlutdeild þess 1% sem hæstar hafði tekjurnar úr 14% af heildartekjum árið 1990 í 24% árið 2008 (Mynd 1, vinstri hlið). Í Svíþjóð jukust tekjur 1% tekjuhæstra mun hægar, eða frá 4% af heildartekjum árið 1990 í 7% árið 2008 (Mynd 1, hægri hlið). Hvorki Bandaríkin né Svíþjóð komast nálægt þeirri fimmföldu aukningu sem varð á hlutdeild tekjuhæsta 1% í heildartekjum á Íslandi. Tölur fyrir hlutdeild 0,1% tekjuhæstra á Íslandi í heildartekjum eru ekki til.


Líkt og Finnland, Noregur og Svíþjóð (en ekki Danmörk), þá varð Ísland fyrir barðinu á fjármálakreppunni 1989–1994, og með sambærilegum hætti miðað við afskriftir skulda sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (Þorvaldur Gylfason, 2015). Hins vegar var breitt yfir vandamálið með miklum vaxta-

mun milli innlánsreikninga og útlána. Það var hægt í skjóli þess að engin erlend samkeppni var til staðar á íslenskum fjármálamarkaði. Þetta greiddi götuna fram að hengifluginu árið 2008. Eins var aukinn ójöfnuður upp úr 1995 ekki viðurkenndur opinberlega af íslenskum stjórnvöldum, að *Hagstofu Íslands* meðtalinni, fyrr en eftir hrunið.

Hvernig gat þetta átt sér stað á Íslandi? Af því er löng saga sem allmargir höfundar hafa rakið. Þorvaldur Gylfason, Bengt Holmström, Sixten Korkman, Hans Tson Söderström og Vesa Vihriala segja söguna í bók sinni *Nordics in Global Crisis* (2010, 7. kafli). Ýmsir höfundar rekja aðdragandann frá ýmsum hliðum í safnrítinu *Preludes to the Icelandic Financial Crisis* (ritstj. Robert Aliber og Gylfi Zoega, 2011). Einnig má nefna ritgerð Roberts Wade og Sigurbjargar Sigurgeirsdóttir „Iceland’s Rise, Fall, Stabilisation and Beyond“ í *Cambridge Journal of Economics* (2012) og ritgerð Stefáns Ólafssonar og Arnalds Sölva Kristjánssonar „Income Inequality in Boom and Bust: A Tale from Iceland’s Bubble Economy“ in bókinni *Income Inequality Economic Disparities and the Middle Class in Affluent Countries* frá Stanford University Press (2013). Loks ber að nefna bók Guðrúnar Johnsen *Bringing Down the Banking System: Lessons from Iceland* (2014) og ritgerð höfundar „Iceland: How Could This Happen?“ í bókinni *Reform Capacity and Macroeconomic Performance in the Nordic Countries* frá Oxford University Press (2015). Látum nægja hér að nefna hömlulausa stefnu stjórnvalda fyrir hrún, þar sem skattbyrðunum var velt af þeim ríku yfir á hina. Án þess að það væri sagt berum orðum, var fyrirmyndin fengin frá ríkisstjórn George W. Bush í Bandaríkjunum. Viðskiptaráð Íslands fylgdi sömu línu og hældist um af því að stjórnvöld hefðu hrint í framkvæmd nær öllum tillögum þess. Fáeinum mánuðum fyrir hrunið 2008 lýsti Viðskiptaráð yfir og lagði til skriflega, „að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framar á flestum sviðum.“ (Viðskiptaráð, *Viðskiptaþing: Ísland 2015*, bls. 22, Reykjavík, febrúar 2006). Samkvæmt vitnisburði frammi fyrir Landsdómi 2012, þá gerðu yfirmenn Seðlabankans sér grein fyrir því árið 2006 að bönkunum yrði ekki bjargað og líktu þeim við Ponzi-svikamyllu. Samt sem áður hélt Seðlabankinn áfram að veita bönkunum lán í tvö ár og Viðskiptaráð greiddi mikið fé fyrir tvær alræmdar skýrslur, samdar í samvinnu við erlenda sérfræðinga, þar sem því var haldið fram að bankarnir stæðu vel. Þannig var skirrst við að horfast í augu við vandann allt til ársins 2008 (Aliber og Gylfi Zoega, 2011, 9. og 10. kafli; Ferguson, 2012, 8. kafli). Af þessu að dæma má telja líklegt, eða vel mögulegt að minnsta kosti, að andrúmsloft oflætis í viðskiptalífi jafnt og stjórnámálum á veltiárunum – sú útbreidda hugmynd að peningar væru ekkert mál, að allt væri hægt – hafi ýtt undir ófyrirleitnina sem keyrði bankana í þrot, og raunar landið sjálft, aðeins fáeinum árum eftir að bankarnir voru einkavæddir á rússneska vísu í hendur vildarvina 1998–2003.

John Kenneth Galbraith hefði ekki orðið hissa. Samt er ekki hægt að sýna

Mynd 4. Ísland: Hlutdeild tekjuhæstu 10% og tekjuhæsta 1% í heildartekjum (%)




Heimild: Ríkisskattstjóri, <http://www.rsk.is/>

fram á skýrt orsakasamband og útiloka að um tilviljun sé að ræða. Það var ekki heldur hægt 1929.

Nokkrir fræðimenn hafa haldið því fram að beint orsakasamhengi sé milli ójafnaðar og kreppu. Rajan (2011) leiðir að því rök að slæm samviska fulltrúa á bandaríkjaþingi yfir auknum ójöfnuði hafi orðið til þess að þeir hvöttu til aukins framboðs á ódýrum lánum til láglaunafólks, dyggilega studdir af bankamönnum. Undirmáslánin (e. subprime loans) reyndust hins vegar allt annað en ódýr fyrir lántakendur og áttu sinn þátt í því að bandarískt bankakerfi komst næstum í þrot árið 2008 eins og margar heimildir vitna um (Gramlich, 2007; Johnson og Kwak, 2010; Admati og Hellwig, 2013; Blinder, 2013). Galbraith (2012, 13. kafli) horfir aðeins öðrum augum á málið og leggur áherslu á tilraun ríkisstjórnar Bush forseta til að örva bandarískt efnahagslíf með því að búa til „eigendasamfélag“ með „stórfelldri aukningu lána sem litlar tryggingar voru fyrir, voru illa skjalfest og var illa stjórnað, og kom að lokum í ljós að voru sviksamleg. Lán sem veitt voru í stórum stíl til fólks sem vitað var að myndi ekki geta staðið í skilum með afborganir.“ Stiglitz (2015, 96–97) leggur áherslu á hamlandi áhrif ójafnaðar á neyslu, og þar með á framleiðslu og atvinnu. Rök hans eru þau að árstekjur einstaklings með 20 milljónir bandaríkjadala fari að mestu í sparnað, en að 500 einstaklingar sem þénuðu 40 þúsund dali hver myndu eyða þeim að mestu í neyslu. Áður hafði Galbraith (1988) lýst hinu æðisgengna andrúmslofti 3. áratugarins og yfirgengilegum ójöfnuði sem því fylgdi undir spilltum og vanhæfum ríkisstjórnnum þeirra Warrens Harding (1921–1923) og Cal-

Mynd 5. Svíþjóð og Bandaríkin: Traust til stofnana

(% sem segir já við „Berð þú mikið eða nokkuð mikið traust til dómstóla, o.s.frv.“?)



Heimild: World Values Survey (Medrano, 2015).


vins Goolidge (1923–1929) sem gróðrarstíu fyrir Kreppuna miklu. Dæmin hrannast upp.

Einnig er hægt að horfa á aukinn ójöfnuð og vaxandi ófyrirleitni banka- stjórnenda, fjármálamanna og forkólfa í viðskiptalífínu sem samtvinnnaða afleiðingu annarra þátta, m.a. aukinnar ásóknar í arð (Admati og Hellwig, 2013) og þeirrar kenningar að „Besta leiðin til að ræna banka er að eiga hann“ (Black, 1995). Í andrúmslofti sem einkenndist af heimskulegu oflæti og stríðu fjárstreymi frá fjármálafyrirtækjum til stjórnmalamanna (Reinhardt og Rogoff, 2009; Shiller, 2015) var hömlum létt af fjármálamörkuðum í stórum stíl frá 1980 og áfram. Þótt erfitt sé að greina orsakir og afleiðingar dregur það ekki endilega úr þýðingu líklegra tengsla. A.m.k. hefur leikstjórinn Mel Brooks tæplega orðið hissa á hruninu 2007–2008. Í Óskarsverðlaunamyndinni *Framleiðendurnir* (*The Producers*, 1968) segir frá söngleikjaframleiðanda á Broadway og endurskoðanda hans sem uppgötvar að hægt sé að græða á uppfærslu á misheppnuðum söngleik (Þorvaldur Gylfason, 2010). Akerlof og Romer (1993) voru á svipuðum nótum í áhrifamikilli ritgerð þar sem yfirskriftin segir söguna: „Looting: The Economic Underworld of Bankruptcy for Profit.“ Grundvallarskyssan fólst í skorti á fullnægjandi eftirliti og úttektum stjórnvalda í fjármálakerfinu sem efnahagslega á sér samsvörun í skorti á valdmörkum og mótvægi (e. checks and balances) í stjórnmalum.

Brostið traust og spilling

Ef stórkostlegt misvægi í skiptingu tekna og auðs grefur undan samheldni samfélagsins, þá er vaxandi ójöfnuður merki um rýrnun á félagsauði þess. Annað slíkt merki um dvínandi félagsauð er skortur á trausti. Í bók sinni *Bowling Alone* (2000) gerir Robert Putnam grein fyrir ástandinu í Bandaríkj-

Mynd 6. Norðurlönd: Traust milli manna og traust til stofnana



Heimild: World Values Survey (Medrano, 2015).
Athn.: Sjá formúlu í meginmáli.

Heimild: Capacent (Gallup).

unum, en nýlegar rannsóknir staðfesta niðurstöður hans. Í júní 2014 sögðu t.d. 30% aðspurðra í könnun Gallup að þau bæru mikið eða nokkuð mikið traust til Hæstaréttar (voru 37% árið 2012). Aðeins 7% sögðust bera traust til þingsins (voru 13% árið 2013). Ennfremur segir í niðurstöðum Gallups að 73% bandarískra svarenda telji að spilling í stjórnmalum sé víðtæk, samanborið við 14% í Svíþjóð, 43% í Bretlandi, 58% í Frakklandi og 77% í Úkraínu.

Mynd 5 sýnir samanburð á trausti til stofnana í Bandaríkjunum og í Svíþjóð skv. niðurstöðum í skýrslu *World Values Survey* (Medrano, 2015). Með aðeins einni undantekningu lýsa Svíar mun meira trausti til sinna stofnana en Bandaríkjamenn. Eina undantekningin varðar herinn sem 80% Bandaríkjamanna segjast bera traust til. Þessi undantekning bendir til að lítið traust stafi ekki af tortryggnum almenningi, a.m.k. ekki eingöngu. Þvert á móti. Ef 80% Bandaríkjamanna bera traust til hersins, því skyldu þá ekki aðrar stofnanir geta vakið sambærilegt traust meðal almennings? Og fyrst Svíar bera mun meira traust til sinna stofnana en Bandaríkjamenn, því skyldu þá ekki bandarískar stofnanir geta farið að dæmi Svía og áunnið sér þannig aukið traust meðal bandarísks almennings?


Spurningin um traust snýst einnig um traust á milli manna. *The World Values Survey* tekur saman vísitölu trausts sem ætlað er að endurspegla að hvaða marki almennum borgurum finnst að þeir geti treyst hver öðrum. Það er gert með því að spyrja hvort þeir telji að flestu fólki sé treystandi og hvort þeir telji að þeir þurfi að sýna varúð í samskiptum sínum við aðra. Vísitalan er skilgreind þannig:

$$\text{TRAUSTSVÍSITALA} = 100 + (\% \text{ Flestu fólki er treystandi}) - (\% \text{ Aldrei of varlega farið})$$

Vísitalan er yfir 100 í löndum þar sem ríkir meira traust en vantraust og undir 100 þar sem því er öfugt farið. Mynd 6 (vinstri hluti) sýnir niðurstöðurnar fyrir Norðurlönd þar sem flest fólk treystir hvert öðru sæmilega vel, að Íslendingum einum undanskildum. Traust milli manna á Íslandi var lítið árum saman fyrir hrunið 2008 sem bendir til að vantraust gæti hafa leikið lykilhlutverk í að skapa aðstæður sem leiddu til hruns. Ef svo er, þá verkar það á báða vegu: Vantraust veldur hruni, hrun veldur vantrausti. Sama á við um Bandaríkin þar sem vísitalan er 73. Mynd 6 (hægri hlið) sýnir einnig traust almennings á Íslandi sundurliðað eftir stofnunum. Umtalsvert traust sem lögreglan nýtur bendir enn og aftur til þess að vantraust verði ekki aðeins rakið til almennrar tortryggni. Nærtækara virðist að álykta að bankastjórnendur, stjórnámalmenn og dómarmar ekki síst þurfi að skoða sinn gang vilji þeir ávinna sér traust almennings. Hér er ákveðið mynstur. Spillt einkavæðing bankanna á Íslandi á árunum 1998–2003 átti þátt í falli þeirra árið 2008 (Þorvaldur Gylfason *et al.*, 2010). Og flokkarnir tveir sem með forkastanlegri einkavæðingu bankanna og öðrum ráðstöfunum vörðuðu veginn að hrininu hafa nær alltaf haldið ráðuneyti dómsmála fyrir sig (nánar tiltekið í 76 ár af 81, frá 1927–2008), einokað skipun dómara, sáð fræjum vantrausts.

Hið djúpstæða vantraust sem gegnsýrir íslenskt samfélag verður að skoða í sögulegu samhengi. Alla 20. öldina, fram að einkavæðingu bankanna í lok 10. áratugarins, réð flokkapólitík mestu á Íslandi, samfélagið var bundið þungu regluverki og markaðsbúskapur takmarkaður. Það gerir auðveldara að útskýra hvers vegna einkavæðingin var hönnuð með það í huga að varðveita talsamband stjórnálmanna við bankana sem höfðu þjónað pólitískum hagsmunum ríkjandi afla svo vel gegnum tíðina (Þorvaldur Gylfason, 2015). Fyrirgreiðslustjórnarmál og mismunun gagnvart viðskiptavinum í ríkisbönkunum þótti sjálfsgöð og vakti ekki miklar mótbáru. Ástæðan var sú að efnahagslega virtist Ísland njóta velgengni og halda í við Danmörku, Svíþjóð og Finnland (en ekki Noreg sem m.a. með viturlegri stjórn á olíuauðlind sinni skaust upp í flokk út af fyrir sig). Við hrunið 2008 opnaðist maðkaveitan. Spillingin hafði verið þarna allan tímann þótt enginn hafi lyft fingri til að reyna að sporna gegn henni, en það breyttist eftir hrunið. Mynd 7 sýnir muninn á Íslandi og öðrum Norðurlöndum. Tveir af hverjum þremur íslendingum svöruðu í könnun Gallup árið 2012 að spilling væri viðtæk í stjórnálmum, borið saman við 14% og 15% í Svíþjóð og Danmörku (Mynd 7, hægri hluti).

Mynd 7. Norðurlönd: Spilling í viðskiptum og stjórnmálum



Heimild: Transparency International.
 Aths.: Transparency raðar viðskiptaspillingu landa frá 0 (spilt) upp í 100 (óspilt). Lægri súlur auðkenna meiri spillingu.

Heimild: Gallup, <http://www.gallup.com/poll/165476/government-corruption-viewed-pervasive-worldwide.aspx>
 Aths.: Gallup rekur hlutfall aðspurðra sem telja spillingu útbreidda í stjórnsýslu lands síns.

Frá hruni til þjóðfélagsátaka: Dæmið um Ísland

Heimurinn er að breytast. Auður og tekjuskipting hafa skyndilega orðið miðlæg í efnahagslegri og pólitískri umræðu í Evrópu og Ameríku (Piketty, 2014; Stiglitz, 2013, 2015). Sumir höfundar rekja aukna flokkadrætti og sjálfheldu bandarískra stjórnmála til aukins ójafnaðar (McCarty *et al.*, 2006). Aðrir rekja flokkadrættina til alvarlegra galla í stjórnskipuninni sem hafa ágerst með auknum áhrifum peninga í stjórnmálum sem síðan ágerast enn með auknum ójöfnuði (Levinson, 2006). Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur nýlega gefið út nokkrar rannsóknir sem sýna hvernig mikil misskipting getur grafið undan hagvexti (t.d., Berg og Ostry, 2011; Ostry *et al.*, 2014). Þessi niðurstaða kemur heim og saman við ýmsar fyrri rannsóknir (t.d., Alesina og Rodrik, 1994; Persson og Tabellini, 1994; Þorvaldur Gylfason og Gylfi Zoega, 2003) en aðrir eru hins vegar á öðru máli (t.d. Barro, 2000). Framferði stjórnenda í bönkum og stórfyrirtækjum (Enron, Worldcom, o.s.frv.) hefur orðið til þess að draga almenna athygli mjög að auknum ójöfnuði, sem og spillingu og vantrausti. Hér að framan voru raktar upplýsingar um Ísland til að sýna hvernig reynsla þess af auknum ójöfnuði, spillingu og vantrausti fellur að þeirri heimsmynd sem smám saman hefur verið að birtast af rýrnandi félagsauði.

Skoðum nú Ísland nánar.


Landinu tókst nokkuð vel að fást við suma þætti efnahagsmála eftir hrunið 2008, með rausnarlegri aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þótt landsframleiðsla félli um 10% á árunum 2009–2010, þá hélst atvinnuleysi undir 8% af mannafla og var 4% 2015. Þótt hrunið hafi orðið efnahagnum þung byrði, þá reyndust bein efnahagsleg áhrif þess minni en búast hefði mátt við. Á heildina litið stóðu félagsvísar óbreyttir sem er eftirtektarvert vegna þess að þeir eru iðulega næmari og áreiðanlegri en hagvísar sem oftast eru notaðir (Deaton, 2013). Engin merki sjást um aukna tíðni sjálfsvíga eða lækkun lífaldurs, heldur þvert á móti (Mynd 8, hægri hluti). Ennfremur er aðeins hægt að greina veik merki um lægri fæðingartíðni í kjölfar hrunsins (Mynd 8, vinstri hluti).

Eftir sjö ára niðurskurðartímabil er samt enn þröngt í búi víða ásamt mikilli undirliggjandi óánægju sem brýst fram annað veifið í vinnudeilum og verkföllum. Stjórnvöld og vinnuveitendur hafa lýst áhyggjum af umsömdum kjarabótum að undanförunu sem þau telja að geti orðið til að kynda undir verðbólgu eða atvinnuleysi eða hvoru tveggja. Þessar kjarabætur voru knúnar fram m.a. með beinni tilvísun til misskiptingar, launa forstjóra, bónusa og hagnaðar bankanna og stefnu stjórnvalda, sérstaklega varðandi úthlutun leyfa til útgerðarmanna til að veiða úr sameiginlegri fiskveiðiaudlind landsmanna fyrir aðeins brot af fullu verði. Kröfur launafólks má í aðra röndina skoða sem uppreisn þeirra sem ekki eiga gegn þeim sem eiga. Launamenn virðast vera að segja: Nú er komið að okkur að setjast að borðum (Wrong, 2010). Deilum milli launamanna og atvinnurekenda fylgir togsteita á milli launafólks (Þorvaldur Gylfason and Lindbeck, 1984). Starfsfólk spítala á Íslandi krafðist t.d. launahækkana fyrir nokkrum misserum upp á 20–25% til jafns við það sem læknar sem fóru í verkfall höfðu samið um sér til handa.


Þótt reynsla Íslands eftir hrun sé að ýmsu leyti svipuð reynslu annarra landa, þá er einn mikilvægur munur á: Þó nokkrir bankastjórnendur og aðrir voru lögsóttir eftir hrunið. Ferlið hefur tekið langan tíma. Byrjað var á að skipta um yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) fljótlega eftir hrun og embætti Sérstaks saksóknara var stofnað. Starfsfólki þess fjölgaði á skömmum tíma úr þremur í um 100. Nýr forstjóri, Gunnar Þ. Andersen, var settur yfir FME og undir hans stjórn var eftirlitið styrkt og endurskipulagt frá grunni. Fyrir vikið var nær 80 málum vísað til Sérstaks saksóknara vegna gruns um lögbrot er mikill fjöldi manna var viðriðinn. Í árslok 2016 höfðu 34 einstaklingar, þar á meðal bankastjórnendur og stjórnendur sparisjóða, verið dæmdir í Hæstarétti til samtals 87 ára fangelsisvistar fyrir lögbrot í tengslum við hrunið (einkum innherjavíðskipti, umboðssvik og markaðsmisnotkun). Sakfellingarnar voru að mestu byggðar á málum sem FME hafði vísað til Sérstaks saksóknara og á frekari rannsóknum þess embættis. Meðal þeirra sem hlutu dóm árið 2015 voru stjórnarformaður og forstjóri Kaupþings (annar fékk 4 ára dóm, hinn 5,5 ár) og bankastjóri Landsbankans (3,5 ár).

Mynd 8. Norðurlönd: Frjósemi og langlífi

Frjósemi (fæðingar á konu) 1960–2012



Langlífi í árum 1960–2012



Heimild: Alþjóðabankinn (World Bank), *World Development Indicators*.

Fleiri bankamál eiga eftir að fara fyrir Hæstarétt og snúast um skjalafals og innherjaviðskipti, umboðssvik og markaðsmisnotkun. Gert er ráð fyrir að málum sem tengjast hruginu verði ekki lokið fyrir Hæstarétti fyrr en í fyrsta lagi árið 2018. Ef bankarnir voru allir undir sömu sök seldir fyrir hrún, eins og flestir telja, og ef stjórnendur þeirra allra eru jafnir fyrir lögum virðist líklegt að fangelsisárunum eigi eftir að fjölga. Þetta er gjörólíkt því sem gerst hefur t.d. í Bandaríkjunum þar sem stjórnvöld létu yfirleitt nægja að sekta bankana fyrir að brjóta lög – sem er eins og að sekta Reykjanesbrautina fyrir of hraðan akstur.

Í reynd hefur Ísland leitast við að fara að eins og Black (2005), Galbraith (2010), Stiglitz (2015) og fleiri hafa lagt til að gert yrði í Bandaríkjunum, þ.e. að lögsækja í málum þar sem grunur er um fjármálmisferli.

Þetta hefur ekki reynt auðveld leið á Íslandi. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið (2010, 2. bindi, 2) segir berum orðum: „Stærstu eigendur allra stóru bankanna fengu óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé hjá þeim banka sem þeir áttu, að því er virðist í krafti eignarhalds síns. [...] í öllum bönkum voru helstu eigendur bankans meðal stærstu lántakenda hans.“ Ennfremur segir í skýrslu RNA (2010, 2. bindi, 313): „Bankarnir brutu ekki aðeins lög heldur fóru þeir einnig yfir sín eigin mörk. Eða færðu mörkin eftir þörfum.“

RNA tiltók sjö stjórnmalámennt og embættismenn sem töldust hafa vanrækt lagalegar skyldur sínar. Þar af voru fjórir einstaklingar tengdir Sjálfstæðisflokknum, þ. á m. formaður flokksins og forsætisráðherra þegar hrunið varð, Geir H. Haarde. Þingmannanefnd sem var sérstaklega skipuð til að

fara yfir skýrslu RNA bætti 8. nafninu á listann, nafni utanríkisráðherra hrunstjórnarinnar og þáverandi formanns Samfylkingarinnar, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þrátt fyrir þetta ákvað Alþingi að aðeins fyrrum forsætisráðherra skyldi ákærður en ekkert hinna. Landsdómur kom saman í fyrsta sinn í sögu landsins og sakfelldi fyrrum forsætisráðherra „fyrir að hafa af stórfelldu gáleysi látið farast fyrir að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni eins og fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrárinnar, þrátt fyrir að honum hlaut að vera ljós sá háski, sem vofði yfir bankakerfinu og þar með heill ríkisins [...]“² Ráðherranum var ekki gerð refsing (hann var síðar skipaður sendiherra Íslands í Washington). Fleira skringilegt gerðist í ferlinu, þ. á m. að Alþingi skyldi ekki fylgja eftir ályktun sinni um rannsókn á einkavæðingu bankanna á árunum 1998–2003. Einnig sú ákvörðun RNA um að meðal þeirra nær 200 einstaklinga sem nefndin boðaði til skýrslutöku skyldi ekki vera fyrrum bankastjóri Landsbanka Íslands (einn af þremur fyrir einkavæðingu), Sverrir Hermannsson. Sverrir hafði í fjölmörgum blaðagreinum borið rökstuddar sakir á nokkra háttsetta bankamenn og stjórnámálamenn um meint lögbrot fyrir og eftir einkavæðingu bankanna, menn sem allt fram að hruni léku lykilhlutverk í bankakerfinu. Þeirra á meðal var Kjartan Gunnarsson, varaformaður stjórnar Landsbankans, sem einnig var lengi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.

Gagnrýni á RNA hefur þó aðallega komið frá þeim – bankamönnum og einnig opinberum embættismönnum og stjórnámálamönnum – sem gagnrýndir eru í skýrslu nefndarinnar og lögfræðingum þeirra. Hæstiréttur hefur lýst því yfir að rannsóknarniðurstöður RNA megi ekki nota sem sönnunargögn fyrir dómi.

Endurtekna tilraunir voru gerðar til að sverta og bola úr embætti forstjóra FME sem tók við eftir hrun. Fyrstu tvær tilraunirnar til að hrekja hann á brott mistókust. Þegar þriðja tilraunin var um það bil að renna út í sandinn var forstjóranum vikið úr embætti fyrir að hafa átt þátt í að leka upplýsingum til dagblaðs. Hann fékk eins árs skilorðsbundinn fangelsisdóm. Afstaða forstjórans var sú að hann hafi reynt sem einstaklingur að fletta ofan af pólitískri spillingu og verja trúverðuleika stofnunar sem hann var settur yfir gegn ófyrirleitnum árásarmönnum. Margir vona að á því þriggja ára tímabili sem Gunnar Þ. Andersen var forstjóri FME hafi tekist að koma öllum mikilvægustu málunum um meint fjársvik til Sérstaks saksóknara. Aðrir vona að svo sé ekki. Á sama tíma hafa fjárveitingar til embættis Sérstaks saksóknara verið skertar verulega tvö ár í röð, þannig að embættið hefur neyðst til að segja upp starfsfólki þrátt fyrir að hafa enn ógrynni verkefna á sínum höndum. Það var svo lagt niður í árslok 2016 og sameinað embætti héraðssaksóknara.

Þessi þróun mála hefur eitruð andrúmsloftið og grafið enn undan samfélagslegri samheldni. Kjarni vandans er sá að þeir sem skýrsla RNA (2010) og fleiri segja að beri höfuðábyrgð á hruninu neita allri ábyrgð, hvort sem

er frammi fyrir dómstólum eða almenningi. Sumir þeirra tala enn um „svokallað“ hrun eins og ekkert sérstakt hafið borið til, sýnilega ónæmir fyrir þjáningum allra þeirra sem misst hafa heimili sín og sparifé, heima og erlendis, beinlínis vegna hrunsins. Að fyrrnefndum formanni Samfylkingarinnar undanskildum og aðaleiganda Landsbanka Íslands, Björgólfi Thor Björgólfssyni,³ hefur enginn beðist afsökunar. Aðrir henda á lofti hugtakið samsekt og segja að stjórnámálamenn hafi verið kosnir sem síðan hafi komið bankastjórnendunum í aðstöðu til að keyra landið í þrot. Aðrir halda því fram að allir Íslendingar beri ábyrgð. Því ef allir bera ábyrgð þá ber enginn ábyrgð. Meiðyrðamálum af pólitískum rótum hefur fjölgað.

Þetta andrúmsloft hefur getið af sér lýðskrum sem kryddað er með andúð á útlendingum, en það hefur ekki áður gerst í stjórnámálum á Íslandi. Að hluta til er andúðin vakin af þróun mála í sumum öðrum ríkjum Evrópu, þar á meðal í Finnlandi, Frakklandi, Svíþjóð og á Bretlandseyjum. Að hluta til stafar hún af löngun til að afstýra gagnrýni á þá sem heimamenn telja bera höfuðábyrgð á hruninu og með fáránlegum ásökunum kenna útlendingum um, þ. á m. Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Fyrrum forseti Íslands sem var gagnrýndur í skýrslu RNA (2010, 8. bindi, 170–178) fyrir blygðunarlaust auglýsingaskrum í þágu bankanna og annarra viðskiptahagsmuna fyrir hrun talaði eftir hrun af lítilsvirðingu um Evrópusambandið og Norðurlönd en lagði í staðinn áherslu á vináttu Íslands við Rússland, Kína og Indland. Ný staða Íslands sem gefin er í skyn með þessu, lands sem var stofnaðili að NATO frá 1949 og umsóknarríki að Evrópusambandinu frá 2009, endurspeglar að hluta til niðurlægingu sem sumir íslenskir stjórnámálamenn upplifa sem svo. Niðurlægingin felst í að hafa þurft að þiggja skilyrta aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna þess að engin skilyrðislaus lán stóðu til boða í Evrópu eða Bandaríkjunum (eða í Rússlandi ef því er að skipta). Leit Íslands að „nýjum vinum“ þarf einnig að skoða í ljósi einhliða ákvörðunar Bandaríkjahers um að draga herlið sitt frá Íslandi 2006 í óþökk stjórnvalda. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar fram til ársins 2006 námu árlegar tekjur af veru bandaríska hersins á Íslandi að jafnaði um 2% af landsframleiðslu.

Aukið lýðskrum þjónar einnig öðrum tilgangi: að reka fleyg á milli Íslands og Evrópusambandsins og minnka þannig líkurnar á að sérhagsmunahópum – aðallega moldríkum eigendum stórútgærðarinnar og meðreiðarsveinum þeirra – verði settur stóllinn fyrir dyrnar með aðild að sambandinu og tilheyrandi valddreifingu. Tilraun ríkisstjórnarinnar 2013–2016 til að draga einhliða til baka aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu lýsir vandanum. Í stað þess að setja umsóknina í salt líkt og svisslendingar gerðu 1992, þannig að taka mætti upp viðræður að nýju hvenær sem hentaði, þá ætlaði ríkisstjórnin sér að draga umsóknina alveg til baka. Nýtt Alþingi hefði þá orðið að hefja leikinn aftur á byrjunarreit og afla nýs samþykkis hvers og eins aðildarlands sambandsins. Það gæti reynst þungur róður. Hins

vegar virðist ríkisstjórnin hafa klúðrað tilraun sinni til að draga aðildarumsóknina til baka þar sem Evrópusambandið getur varla litið svo á að utanríkisráðherra geti einhliða dregið til baka aðildarumsókn sem Alþingi samþykkti 2009. Ísland er að vísu ekki lengur á opinberum lista sambandsins yfir umsóknarlönd, en þó virðist ekki útilokað að hægt verði að taka aftur upp þráðinn þar sem frá var horfið 2013 óski Alþingi þess.

Niðurstaða

Í þessari ritgerð hefur verið hugað að samspili milli félagsauðs og efnahagslífs, þ. á m. efnahagsáfalla, með sérstöku tilliti til nýlegrar reynslu frá Íslandi. Vaxandi ójöfnuður var undanfari bæði Kreppunnar miklu 1929–1939 og Samdráttarins mikla sem hófst á árunum 2007–2008. Eftir stendur spurningin um hvort líta megi á aukinn ójöfnuð sem eina af orsökum þessara efnahagsþrenginga, ásamt öðru, eða hvort ójöfnuður og efnahagsþrengingar eigi sér sameiginlegar orsakir, eða að hvort tveggja eigi við. Síðan var velt upp spurningunni um hvort sömu sögu væri að segja um aðra þætti félagsauðs. The World Values Survey og aðrar heimildir, m.a. Gallup, vitna um djúpstætt og vaxandi vantraust í Bandaríkjunum, Evrópu og víðar, bæði víðtækan skort á trausti til stofnana og skort á trausti milli manna. Bent var á að skortur á trausti er ekki vandamál í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Þeim löndum tókst öllum býsna vel að mæta Samdrættinum mikla meðan Bandaríkin og Ísland, þar sem traust er miklu minna, urðu illilega fyrir bardinu á heimatilbúnum skakkaföllum. Á Íslandi sérstaklega var lítið traust ríkjandi allmörgum árum fyrir hrunið 2008 sem bendir til þess að aukið vantraust, eins og vaxandi ójöfnuður, geti bæði verið undanfari og afleiðing efnahagsþrenginga. Ennfremur virðist mikil misskipting líkleg til að grafa undan trausti og öfugt. Svipuð atriði voru nefnd í sambandi við spillingu.

Vinnutilgátan er sú, í stuttu máli, að hnignandi félagsauður geti verið bæði undanfari og afleiðing lítills hagvaxtar og versnandi efnahags, þar á meðal tilfallandi fjármálakreppu. Þannig getur orðið til vítahringur hnignandi samfélags og lítills eða ójafns vaxtar, hugsanlega með langvarandi efnahagslegum afleiðingum sem geta dregið enn úr samheldni samfélagsins með því að grafa undan trausti og ýta undir lýðskrum og aðrar öfgar í stjórnámálum sem geta ógnað lýðræðislegum stjórnarháttum. Ekkert af þessu er samt sem áður nauðsynlegt eða óhjákvæmilegt. Félagsauðinn má styrkja og endurnýja með því að fjárfesta í menntun og heilbrigði og marka pólitíska stefnu sem dregur úr misskiptingu eigna og tekna. Þannig má endurheimta traust. Sumir höfundar (t.d. Sachs, 2015) mæla með leiðsögn um siðferði, siðareglum starfsstétta og opinberum ávítum á þá sem bregðast trausti almennings. Bankar brjóta ekki lög heldur bankastjórnendur.

Heimildaskrá

- Admati, Anat, og Martin Hellwig (2013), *The Bankers' New Clothes: What's Wrong with Banking and What to Do about It*, Princeton University Press, Princeton, New Jersey.
- Akerlof, George A., og Paul M. Romer (1993), „Looting: The Economic Underworld of Bankruptcy for Profit“, *Brookings Papers on Economic Activity* 2, 1–73.
- Alesina, Alberto, og Dani Rodrik (1994), „Distributive Politics and Economic Growth“, *Quarterly Journal of Economics* 109, maí, 165–190.
- Aliber, Robert Z., og Gylfi Zoega (ritstj.) (2011), *Preludes to the Icelandic Financial Crisis*, Palgrave MacMillan, New York.
- Barro, Robert J. (2000), „Inequality and Growth in a Panel of Countries“, *Journal of Economic Growth* 5, mars, 5–32.
- Berg, Andrew G., og Jonathan D. Ostry (2011), „Inequality and Unsustainable Growth: Two Sides of the Same Coin?“ IMF Staff Discussion Note SDN/11/08, apríl.
- Black, William K. (2005), *The Best Way to Rob a Bank Is to Own One: How Corporate Executives and Politicians Looted the S&L Industry*, University of Texas Press, Austin, Texas.
- Blinder, Alan S. (2013), *After the Music Stopped: The Financial Crisis, the Response, and the Work Ahead*, Penguin Press, London.
- Deaton, Angus (2013), *The Great Escape: Health, Wealth, and the Origins of Inequality*, Princeton University Press, Princeton, NJ, og Oxford.
- Economic Policy Institute (2011), *Annual Report*. <http://www.epi.org/publication/2011-annual-report/>.
- Ferguson, Charles H. (2012), *Predator Nation: Corporate Criminals, Political Corruption, and the Hijacking of America*, Crown Business, New York.
- Galbraith, James K. (2010), „Why the ‚Experts‘ Failed to See How Financial Fraud Collapsed the Economy“. *Written statement to members of the Senate Judiciary Committee*, http://www.alternet.org/story/146883/james_k_galbraith%3A_why_the_%27experts%27_failed_to_see_how_financial_fraud_collapsed_the_economy.
- Galbraith, James K. (2012), *Inequality and Instability: A Study of the World Economy Just Before the Great Crisis*, Oxford University Press, Oxford og New York.
- Galbraith, John Kenneth (1988), *The Great Crash 1929*, Houghton Mifflin Company, Boston. Fyrsta útgáfa 1954.
- Gramlich, Edward M. (2007), *Subprime Mortgages: America's Latest Boom and Bust*, Urban Institute Press, Washington, DC.
- Gylfason, Thorvaldur (2010), „Mel Brooks and the Bankers“, *VoxEU*, 18 August.
- Gylfason, Thorvaldur (2015), „Iceland: How Could This Happen?“ í Andersen, Torben M., Michael Bergman, og Svend E. Hougaard Jensen (ritstj.), *Reform Capacity and Macroeconomic Performance in the Nordic Countries*, Oxford University Press, Oxford og New York.
- Gylfason, Thorvaldur, og Assar Lindbeck (1984), „Union Rivalry and Wages: An Oligopolistic Approach“, *Economica* 51, maí, 129–139.
- Gylfason, Thorvaldur, og Gylfi Zoega (2003), „Inequality and Economic Growth: Do Natural Resources Matter?“ í Theo Eicher og Stephen Turnovsky (ritstj.), *Inequality and Growth: Theory and Policy Implications*, MIT Press, Cambridge, MA, og London.
- Gylfason, Thorvaldur, Bengt Holmström, Sixten Korkman, Hans Tson Söderström og Vesa Vihriala (2010), *Nordics in Global Crisis*, The Research Institute of the Finnish Economy (ETLA), Taloustieto Oy.
- Johnsen, Guðrún (2014), *Bringing Down the Banking System: Lessons from Iceland*, Palgrave MacMillan, New York.
- Johnson, Simon, og James Kwak (2010), *13 Bankers: The Wall Street Takeover and the Next Financial Meltdown*, Pantheon Books.
- Jonung, Lars, Jaako Kiander og Pentti Vartia (2009), *The Great Financial Crisis in Finland and Sweden: The Nordic Experience of Financial Liberalization*, Edward Elgar, Cheltenham, UK, og Northampton, MA, USA.

- Levinson, Sanford (2006), *Our Undemocratic Constitution: Where the Constitution Goes Wrong (And How We the People Can Correct It)*, Oxford University Press, Oxford og New York.
- McCarty, Nolan, Keith T. Poole, and Howard Rosenthal (2006), *Polarized America: The Dance of Ideology and Unequal Riches*, MIT Press, Cambridge, Massachusetts, og London.
- Medrano, Jaime Diez (2015), „Interpersonal trust“, World Values Survey, <http://www.jdsurvey.net/jds/jdsurveyMaps.jsp?Idioma=I&SeccionTexto=0404&NOID=104>.
- Ostry, Jonathan D., Andrew Berg og Charalambos G. Tsangarides (2014), „Redistribution, Inequality, and Growth“, IMF Staff Discussion Note SDN/14/02, febrúar.
- Ólafsson, Stefán, og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2013), „Income Inequality in Boom and Bust: A Tale from Iceland’s Bubble Economy“, í Gornick, Janet C., og Markus Jäntti (ritstj.), *Income Inequality Economic Disparities and the Middle Class in Affluent Countries*, Stanford University Press, Palo Alto, 416–438.
- Persson, Torsten, og Guido Tabellini (1994), „Is Inequality Harmful for Growth?“, *American Economic Review* 84, júní, 600–621.
- Piketty, Thomas (2014), *Capital in the Twenty-first Century*, Harvard University Press, Cambridge, Massachusetts, og London.
- Putnam, Robert (2000), *Bowling Alone*, Simon&Schuster, New York.
- Rajan, Raghuram G. (2011), *Fault Lines: How Hidden Fractures Still Threaten the World Economy*, Princeton University Press, Princeton, New Jersey, og Oxford.
- Rannsóknarnefnd Alþingis (2010), „Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis“, afhent Alþingi 12. apríl.
- Reinhart, Carmen M., og Kenneth S. Rogoff (2009), *This Time is Different: Eight Centuries of Financial Folly*, Princeton University Press, Princeton, New Jersey, og Oxford.
- Sachs, Jeffrey (2015), „Investing in Social Capital“, 8. kafli í John F. Helliwell, Richard Layard, og Jeffrey Sachs (ritstj.), *World Happiness Report 2015*, United Nations, New York.
- Shiller, Robert J. (2015), *Irrational Exuberance*, Princeton University Press, Princeton, New Jersey, og Oxford.
- Stiglitz, Joseph E. (2010), *Freefall: America, Free Markets, and the Sinking of the World Economy*, W.W. Norton, New York og London.
- Stiglitz, Joseph E. (2013), *The Price of Inequality: How Today’s Divided Society Endangers Our Future*, W. W. Norton and Company, New York og London.
- Stiglitz, Joseph E. (2015), *The Great Divide: Unequal Societies and What We Can Do About Them*, W.W. Norton, New York og London.
- Wade, Robert H., og Silla Sigurgeirsdóttir (2012), „Iceland’s Rise, Fall, Stabilisation and Beyond“, *Cambridge Journal of Economics* 36, nr. 1, 127–144.
- World Values Survey, <http://www.worldvaluessurvey.org/WVSContents.jsp>.
- Wrong, Michaela (2010), *It’s Our Turn to Eat: The Story of a Kenyan Whistle-Blower*, Harper Perennial, New York og London.

Tilvísanir

¹ Þessi grein byggir á ritgerð sem birtist á ensku í *Challenge* í júlí 2015 undir heitinu „Social Capital, Inequality, and Economic Crisis“. Efnið er sótt í fyrirlestur höfundar á ráðstefnu Háskólans í Lundi til heiðurs Lars Jonung prófessor þar 3.–4. október 2014. Höfundurinn þakkar James K. Galbraith, Gunnari Þ. Andersen, Gylfa Zoega, Eduard Hochreiter, Arne Jon Isachsen, Jeffrey D. Sachs og Per Magnus Wijkman fyrir hjálplegar athugasemdir við fyrri drög. Hjörtur Hjartarson sagnfræðingur þýddi ritgerðina á íslenzku og staðfærði.

² Sjá <http://www.xn--landsdmur-b7a.is/media/skyrslur/nr.-3-2011-Domur-a-vef.pdf>.

³ Sjá <http://www.btb.is/media/hrunid/Eg-bid-ykkur-afsokunar.pdf>.